



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

7. tbl. ágúst 2013



Meðal efnis:

Breytingar á stjórn sambandsins	2
Ágreiningur um golfvöll	6
Sótt um aðild að ESN	7
Sveitarstjórnarmenn á Alþingi	8
Úrskurður um fasteignaskatt	10
Starfsþróun kennara	12

Breytingar á stjórn sambandsins



Þær breytingar hafa orðið á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, að Hanna Birna Kristjánsdóttir og Óttarr Ólafur Proppé hafa misst kjörgengi sitt til setu í stjórn sambandsins frá og með 1. ágúst sl. Þegar þau fengu lausn frá setu í borgarstjórn Reykjavíkur. Þau voru bæði kjörin til setu á Alþingi í

alþingiskosningunum í apríl sl. Hanna Birna gegnir jafnframt embætti innanríkisráðherra í ríkisstjórn Íslands og er því ráðherra sveitarstjórnarmála.

Á stjórnarfundum sem haldinn var föstudaginn 28. júní 2013 voru þau Hanna Birna og Óttarr Ólafur kvödd og þeim þakkað

SAMBANDIÐ



fyrir störf þeirra í þágu sambandsins og sveitarfélaganna. Hanna Birna tók sæti í stjórninni árið 2006 og Óttarr 2010.

Sæti Hönnu Birnu og Óttars Ólafs í stjórn sambandsins taka varamenn þeirra, þau Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi. Er þau

hér með boðin velkomin til starfa á vettvangi sambandsins. Engir varamenn munu vera fyrir þau Júlíus Vífill og Björk, þar sem næsta landsþing sambandsins verður ekki haldið fyrr en haustið 2014 að afloknum sveitarstjórnarkosningum 31. maí 2014, en stjórnarmenn og varamenn þeirra eru kjörnir á landsþingi.

ALÞJÓÐAMÁL

Fjölbreytt flóra evrópskra sveitarfélaga en sameiginlegir hagsmunir



Það er stór munur á sveitarfélögum innan Evrópu. Með nokkurri einföldun má greina a.m.k. fjögur evrópsk sveitarfélagamódel. Þessi módel hafa mótast út frá mismunandi landfræðilegum aðstæðum, af sögulegum ástæðum og pólitískum hefðum.

Norrænu sveitarfélögin hafa mesta sjálfsforræðið og flest verkefni. Íslensk sveitarfélög þó fæst verkefni af þeim. Innan Norðurlandanna eru tvenns konar stærðarmódel. Í Svíþjóð og Danmörku er hefð fyrir lögbvinguðum sameiningum og þar eru sveitarfélögin fjölmenn og öflug. Í Finnlandi og Noregi, sem eru með strjálbyggða landsbyggð, hefur hins vegar verið pólitísk andstaða gegn lögbvinguðum sameiningum, eins og hér á landi. Þar eru

því töluverður fjöldi fámennra sveitarfélaga. Finniska ríkisstjórnin vinnur nú að stórfelldum sameiningum sveitarfélaga. Hún telur að litlu sveitarfélögin muni ekki geta ráðið við að veita þyngri velferðarþjónustu fyrir minni tekjur vegna öldrunar íbúa og of langt hafi verið gengið í að heimila samstarfsverkefni sveitarfélaga.

Á Bretlandseyjum eru sveitarfélögin stór og búa við mikla stýringu af hálfu ríkisvaldsins. Skosk sveitarfélög eru þau fjölmennustu í Evrópu og óttast nú að skoska þingið muni setja lög til að fækka sveitarfélögum enn frekar.

Í Suður Evrópu er staðan hins vegar allt önnur. Þar er mikil fjöldi fámennra

sveitarfélaga sem hafa ekki mörg verkefni og stjórnkerfið er flókið vegna fjölda lagskiptra stjórnvalda og samstarfsverkefna. Það er athyglisvert að bera Bretland og Frakkland saman þar sem löndin hafa svipaðan íbúafjölda. Í Bretlandi eru 433 sveitarfélög en í Frakklandi 36.700. Það er líka athyglisvert að bera saman kosningabáttökuna í sveitarstjórnarkosningum í þessum löndum. Í kosningum 2008 kusu 66% í Frakklandi en bara 31% í Bretlandi í kosningum 2012. Það er þó varhugavert að draga þá ályktun að stærð sveitarfélaga hafi úrslitaáhrif á kosningabáttökuna. Hæsta kosningabáttaka á sveitarstjórnarstigi á Norðurlöndunum og þótt víðar væri leitað er í Svíþjóð, 82% í síðustu kosningum. Þar eru kosið samtímis til sveitarstjórna og Þjóðþings og það er talið hafa áhrif. Almennt er meiri þátttaka í kosningum til þjóðþinga en á sveitarstjórnarstigi. Í Svíþjóð verða sveitarstjórnarkosningar á næsta ári eins og hér á landi. Svíar tala um Superkosningaár því það er kosið samtímis til sveitarstjórna, til þjóðþingsins og til Evrópuþingsins.

Í Austur Evrópu var sveitarstjórnarstigið að mestu aflagt undir stjórn kommúnista en það hefur verið lögð áhersla á að endurreisa sveitarstjórnarstigið eftir að

lýðræðislegt stjórnskipulag var tekið upp. Löndin hafa farið nokkuð mismunandi leiðir. Sum eins og t.d. Tékkland endurvöktu gömlu sveitarfélögin sem voru fjölmörg og fámenn meðan önnur skilgreindu ný og stærri sveitarfélög. Í Þýskalandi eru sveitarfélögin mismunandi að stærð eftir fylkjum. Sveitarfélögin þar eru um 11.500 og meðaltal þeirra er nálægt evrópska meðaltalinu sem er 5.000-6.000 íbúar.

En þrátt fyrir að evrópsk sveitarfélög séu svona ólík þá hafa þau svipaðra hagsmuna að gæta gagnvart lagasetningarvaldi ESB og vinna vel saman innan evrópskra hagsmunasamtaka sinna. Lagasetningarvald ESB hefur að miklu leyti sömu áhrif á sveitarfélög í EFTA/ EES-ríkjunum og í ESB ríkjunum. Aðalhagsmunamál sveitarfélaga í ESB og EFTA/EES ríkjunum er að standa vörð um að þau hafi forræði á því hvernig þau skipuleggja þjónustu sína við íbúa út frá staðbundnum aðstæðum og pólitískum áherslum og hindra órökstuddar stjórnsýslubyrðar af hálfu ESB. Nánar má lesa um hagsmunagæslu sveitarfélaga gagnvart ESB í nýjasta riti Brusselskrifstofu sambandsins „Frá Brussel til Breiðdalshrepps“ sem kom út núna í júlí.

STJÓRNSÝSLA

Ágreiningur um byggingu golfvallar



Þann 22. apríl sl. kvað innanríkisráðuneytið upp úrskurð vegna kæru tveggja golfklúbba á hendur Grímsnes- og Grafningshreppi. Töldu golfklúbbarnir að sveitarfélagið hefði farið út fyrir það svigrúm sem því væri veitt í 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, með því að ákveða að halda áfram uppbyggingu golfvallar á landi sem sveitarfélagið keypti eftir að hlutafélag sem stofnað var til að byggja upp golfvöll varð gjaldþrota, og veita til þess samtals 36 milljónum króna úr sveitarsjóði. Kröfðust kærendur ógildingar á þeirri ákvörðun

Kæran byggist m.a. á því að slík framkvæmd geti ekki talist lögmætt verkefni sveitarfélaga með hliðsjón af skýringum við sveitarstjórnarlögin. Ekki sé um að ræða sameiginlegt velferðarmál íbúa sveitarfélagsins enda séu þegar til staðar tveir 18 holu golfvöllir í sveitarfélaginu. Um sé að ræða framkvæmd sem ógni rekstrargrundvelli þeirra valla og er af hálfu kæranda einnig vísað til samkeppnislaga til stuðnings sínum sjónarmiðum.

Í niðurstöðu innanríkisráðuneytisins er fallist

...að Minni-Borg

á þær röksemdir sveitarfélagsins að engin ákvörðun liggi fyrir um að sveitarfélagið hyggist sjálfst reka golfvöllinn. Ákvörðun um áframhaldandi uppbyggingu hans hafi haft þann tilgang að bjarga verðmætum og mikill kostnaður hefði einnig hlotist af því að hætta við framkvæmdina og koma landinu í upprunalegt horf, auk þess sem með því væri verðmætum kastað á glæ. Það hafi því verið mat sveitarstjórnar að hagsmunum sveitarfélagsins og íbúa þess væri best borgið með því að klára byggingu golfvallarins og taka síðan í kjölfarið ákvörðun um ráðstöfun landsins, eftir atvikum með sölu golfvallarins eða leigu.

Niðurstaða ráðuneytisins var að ekki verði litið svo á að Grímsnes- og Grafningshreppur hafi tekið að sér sérstakt verkefni í skilningi 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvörðun sveitarstjórnar feli í sér matskennda ákvörðun fjármuna, sem ekki sæti endurskoðun af hálfu ráðuneytisins auk þess sem ekki séð að hún fari í bága við ákvæði 64. gr. laganna (65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011) um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Var kröfunni því hafnað.

Athygli vekur að rúmlega 17 mánuðir liðu frá því kæra barst ráðuneytinu þar til úrskurður lá fyrir.

Sótt um aðild að ESN



Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum í lok júní sl., að tillögu félagsþjónustunefndar sambandsins, að sækja um aðild að European Social Network (ESN) sem eru regnhlífarsamtök ýmissa aðila í Evrópu sem koma að velferðarmálum. Aðilar í samtökunum eru 90 talsins og koma frá 30 löndum.

ESN samtökin voru stofnuð fyrir um 20 árum en þau sinna samskiptum og miðlun upplýsinga um málefni félagsþjónustu. Þau halda m.a. uppi mjög gagnlegri vefsíðu og halda tvisvar til þrisvar á ári málþing en árlega er haldin stór ráðstefna á þeirra vegum.

Sambandið telur mikilvægt að hafa góðan aðgang að upplýsingum um málaflokkinn í öðrum löndum en samtök félagsmálastjóra á Íslandi hafa verið aðilar að ESN frá upphafi.

- Nánar um ESN

Nýkjörrið Alþingi



Á Alþingi Íslendinga sitja 63 alþingismenn sem kjörnir voru við alþingiskosningarnar 27. apríl 2013. Af þeim hafa 31 þingmaður haft í mismiklum mæli afskipti af sveitarstjórnarmálum með einum eða öðrum hætti.

Alls hafa 23 þingmenn setið sem aðalmenn í sveitarstjórnnum eða gegnt starfi framkvæmdastjóra sveitarfélags. Þeir eru Árni Þór Sigurðsson (Vg)

Reykjavíkurborg 1994–2007; Ásmundur Friðriksson (S) bstj. Sveitarfélagsins Garðs 2009–2012; Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) Fjallabyggð 2006–2013; Guðbjartur Hannesson (Sf) Akraneskaupstaður 1986–1998; Guðlaugur Þór Þórðarson (S) Reykjavíkurborg 1998–2006; Gunnar Bragi Sveinsson (F) Sveitarfélagið Skagafjörður 2002–2010; Hanna Birna Kristjánsdóttir (S) Reykjavíkurborg 2002–2013, borgarstj. Reykjavíkurborgar

LÖGGJAFARVALDIÐ

2008–2010; Helgi Hjörvar (Sf) Reykjavíkurborg 1998–2002; Kristján Þór Júlíusson (S) Akureyrarkaupstaður 1998–2007, bstj. Dalvíkurbæjar 1986–1994, bstj. Ísafjarðarbæjar 1994–1997, bstj. Akureyrarkaupstaðar 1998–2007; Kristján L. Möller (Sf) Siglufjarðarkaupstaður 1986–1998; Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) Suðureyrarhreppur 1990–1994; Líneik Anna Sævarsdóttir (F) Búðahreppur og Austurbyggð 1998–2006; Oddný G. Harðardóttir (Sf) Sveitarfélagið Garður 2006–2009, bstj. Sveitarfélagsins Garðs 2006–2009; Óttarr Ólafur Proppé (Bf) Reykjavíkurborg 2010–2013; Páll Valur Björnsson (Bf) Grindavíkurbær 2010–2012; Páll Jóhann Pálsson (F) Grindavíkurbær frá 2010; Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) Mosfellsbær 2002–2007, bstj. Mosfellsbæjar 2002–2007; Sigrún Magnúsdóttir (F) Suðurfjarðahreppur 1970–1972, Reykjavíkurborg 1986–2002; Sigurður Ingi Jóhannsson (F) Hrunamannahreppur 2002–2009; Svandís Svavarsdóttir (Vg) Reykjavíkurborg 2006–2009; Unnur Brá Konráðsdóttir (S) Rangárþing eystra 2006–2009, svstj. Rangárþings eystra 2006–2009; Valgerður Gunnarsdóttir (S) Húsavíkurborg 1986–1998 og Þórunn Egilsdóttir (F) Vopnafjarðahreppur frá 2010.

Sjö þingmenn hafa setið í undirnefndum sveitarstjórna í skemmri eða lengri tíma. Það eru þau Birgir Ármannsson (S), Bjarni Benediktsson (S), Eygló Harðardóttir (F),

Katrín Jakobsdóttir (Vg), Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F), Silja Dögg Gunnarsdóttir (F) og Vigdís Hauksdóttir (F).

Guðmundur Steingrímsson (Bf) var aðstoðarmaður borgarstjóra 2007–2008.

Sjö þingmenn fyrrum stjórnarmenn

Þá hafa sjö af framangreindum alþingismönnum setið í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þeir eru Árni Þór Sigurðsson (Vg) 2002–2007, Hanna Birna Kristjánsdóttir (S) 2006–2013, Kristján Þór Júlíusson (S) 1998–2007, Óttarr Ólafur Proppé (Bf) 2010–2013, Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) 2002–2007, Sigrún Magnúsdóttir (F) 1994–2002 og Svandís Svavarsdóttir (Vg) 2007–2009.

Af þessari upptalningu má því ætla, að mikill og góður skilningur verði á málefnum sveitarfélaganna, þegar þau koma til umræðu og afgreiðslu á Alþing á því kjörtímabili sem nú er nýhafið.

(Heimildir: Vefur Alþingis og sveitarstjórnarmannatöl 1970–2010.)

STJÓRNSÝSLA

Heimildir til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatts

Þann 25. júní sl. kvað innanríkisráðuneytið upp úrskurð (IRR 12030363) vegna kæru einstaklings á hendur Svalbarðsstrandarhreppi.

Atvik málsins voru þau að kærandi óskaði eftir því með beiðni til hreppsins að felld yrði niður álagning fasteignaskatts á jörð hans og útihús á jörðinni fyrir árin 2008-2012. Vísaði hann m.a. til þess að samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, væri sveitarstjórn heimilt að lækka fasteignaskatt á bújörðum meðan þær væru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum, ef þau væru einungis nýtt að hluta eða stæðu ónotuð. Sveitarfélagið hafnaði beiðninni og var sú ákvörðun kærð til innanríkisráðuneytisins, m.a. á þeim grundvelli að sveitarstjórn væri skylt að setja sér reglur um beitingu þessarar heimildar en það hefði Svalbarðsstrandarhreppur ekki gert.

Niðurfelling val en ekki skylda

Í umsögn hreppsins um kærana til ráðuneytisins kemur m.a. fram að sveitarstjórn líti ekki svo á að 5. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 feli í sér skyldu til niðurfellingar eða



lækkunar fasteignaskatts, né heldur skyldu til að setja reglur um beitingu ákvæðisins, nema að því tilskildu að sveitarstjórn velji að nýta sér þær heimildir sem ákvæðið býður upp á.

Í niðurstöðu ráðuneytisins kemur fram að ákvæði 5. mgr. 5. gr. laganna um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts verði ekki beitt nema sveitarfélag hafi áður sett sér reglur um slíkt. Af ákvæðinu leiði hins vegar ekki að á sveitarfélögum hvíli fortakslaus skylda til að setja sér reglur af þessu tagi,

teignaskatts



líkt og kærandi haldi fram, heldur sé það einungis í þeim tilvikum þegar viðkomandi sveitarfélag hyggst nýta sér heimild ákvæðisins sem slík skylda skapist. Þar sem Svalbarðsstrandarhreppur hafi ekki veitt ívilnanir á grundvelli tilvitnaðs ákvæðis á árunum 2008-2012 hafi hann tekið þá afstöðu að nýta ekki heimild til lækkunar eða niðurfellingar á fasteignaskatti á grundvelli umræddrar 5. mgr. 5. gr. laganna. Var því kröfu kæranda, um að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi, hafnað.

Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu kemur fram í úrskurðinum, að þegar um sé að ræða heimildir til sveitarfélaga til að veita ívilnanir með setningu sérstakra reglna, s.s. um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts, sé mikilvægt að það liggi fyrir með skýrum hætti, t.a.m. með sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar, ef sveitarfélagið kjósi að nýta ekki heimildina. Það sé nauðsynlegt svo íbúar sveitarfélagsins geti gert sér grein fyrir réttarstöðu sinni og hvort umræddar ívilnandi ráðstafanir geti staðið þeim til boða.

SKÓLAMÁL

Öflugt samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um starfsþróun kennara



Fræðslustjórar í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið að tillögum um menntamál og sérfræðipjónustu frá árinu 2011. Sveitarfélögin hafa átt samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í þessu skyni. Meðal annars afraksturs þessa samstarfs er vefur um símenntun og starfsþróun kennara sem var opnaður vorið 2013. Þar má finna fræðslu fyrir grunnskólakennara sem miðlað er gegnum upptökur og dreifiefni sem nýst getur kennurum til starfsþróunar. Fræðslufundaröð vormisseris snerist um námsmat í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og var ætlað að styðja við grunnskólakennara í að innleiða nýjar áherslur. Fyrirlestrarnir eru öllum aðgengilegir og eru kennarar og skólar um

land allt hvattir til þess að nýta sér afrakstur þessa góða samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Leiðsagnarmat:

- **28. janúar:** Námsmat í þágu náms – John Morris o.fl.
- **4. mars:** Viðmið og matskvarðar – Erna I. Pálsdóttir og Hildur Karlsdóttir.
- **8. apríl:** Endurgjöf og sjálfsmat – Ragnheiður Hermannsdóttir, Ketill Magnússon og Hrefna Birna Björnsdóttir.

Fjölbreyttur vinnuskóli í samstarfi við atvinnulífið



Codland vinnuskólinn hafði það að markmiði að efla áhuga á sjávarútveginum og sýna nemendum þau viðfæðmu áhrif sem hann hefur á samfélagið og stuðla að auknum áhuga ungs fólks á dýrmætri auðlind. Nemendur fengu fræðslu um íslenskan sjávarútveg, fóru í vettvangsferðir í fyrirtæki og báta og unnu verkefni sem tengdust nýsköpun í sjávariðnaði.

Samband Íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á áhugaverðu samstarfi atvinnulífs og samfélags um vinnuskóla fyrir unglinga. Vikuna 12.-15. ágúst sl. hleypti Íslenski sjávarklasinn og Codland, sem er fullvinnslufyrirtæki á fisktengdum afurðum sem hefur það markmið að auka verðmæti þeirra, af stokkunum vinnuskóla í samstarfi við Grindavíkurbæ og var nemendum á efstu stigum grunnskóla, fædda 1998 og 1999 gefinn kostur á að taka þátt í því starfi sem var í boði. Nemendur fengu greitt skv. launatöflu vinnuskóla Grindavíkurbæjar.

Fjöldmörg fyrirtæki veittu nemendum innsýn í sína starfsemi. Þar á meðal má nefna Þorbjörn, Vísi, Stakkavík, Stjórnufisk og Veidifærþjónustuna í Grindavík. Þá var Fisktækniskólinn kynntur fyrir nemendum.

„Þetta er frábært dæmi um samstarf atvinnulífs og sveitarfélags til að gera vinnuskólann meira spennandi og um leið kynna fyrir krökkunum atvinnulífið á staðnum. Frumkvæðið kom frá Codland og Grindavíkurbær styður við verkefnið. Vonandi getum við þróað þetta áfram og boðið upp á samskonar verkefni sem tengjast öðrum auðlindum Grindavíkur, svo sem í ferðaþjónustu eða orkuvinnslu. Þá sé ég fyrir mér að þeir krakkar sem standa sig best í vinnuskólanum framan af sumri eigi forgang í þessi skemmtilegu verkefni. Nökkurskonar hvatning fyrir þau til að ná framgangi í starfi, ef svo má segja.“

– Róbert Ragnarsson bæjarstjóri



Kynning á starfsmönnum sambandsins



Guðjón Bragason

Guðjón hóf störf á lögfræði- og velferðarsviði 1. maí 2007.

Guðjón tekur þátt í að gæta hagsmuna sveitarfélaga við undirbúning og setningu löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta sveitarstjórnarstigið. Hann ber ábyrgð á lögfræðilegum verkefnum sambandsins á sviði velferðarmála, skipulags- og umhverfismála, s.s. skólamálum, félagsþjónustu, skipulags- og byggingarmálum og úrgangsmálum.



Valgerður Freyja Ágústsdóttir

Valgerður hóf störf á hag- og upplýsingasviði 1. júlí 2005.

Valgerður sinnir söfnun og úrvinnslu upplýsinga frá sveitarfélögunum sem tengjast rekstri leik- og grunnskóla, tónlistarskóla og félagsþjónustu sveitarfélaga. Tekur þátt í samskiptum við stofnanir sveitarfélaga og ríkisins á þessum sviðum.



Inga Rún Ólafsdóttir

Inga Rún hóf störf á kjarasviði 9. september 2008.

Inga Rún ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með kjaraviðræðum, kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt þeim verkefnum öðrum, sem undir kjarasvið heyrja.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2013/16

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*